

# Kynning fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis


Úttekt Ríkisendurskoðunar Bretlands á  
sölu á hlutum í Lloyds með  
tilboðsfyrirkomulagi  
16. nóvember 2022



# Yfirlit

- Í september 2013 seldi breska ríkið 6,0% hlut í Lloyds Banking Group plc. Þessi sala er sambærileg sölunni á Íslandsbanka í mars á þessu ári:
  - Um var að ræða útboð með tilboðsfyrirkomulagi, rétt eins og í tilfelli sölunnar á hlutum í Íslandsbanka
  - Umgjörð sölunnar var með svipuðum hætti og framkvæmd hennar á forræði n.k. systurstofnunar Bankasýslu ríkisins (e. UK Financial Investments) fyrir hönd ráðherra (e. Chancellor of the Exchequer)
- Í desember 2013 sama ár birti Ríkisendurskoðun Bretlands (e. National Audit Office) skýrslu um söluna (*“The first sale of shares in Lloyds Banking Group”*)
  - Bankasýsla ríkisins veit ekki um aðra skýrslu af hálfu ríkisendurskoðunar í Evrópu um sölu á hlut í bönkum með tilboðsfyrirkomulagi eftir bankakreppuna
  - Ríkisendurskoðun var bent á tilvist þessarar skýrslu í maí á þessu ári, þ.e. u.þ.b. hálfu ári áður en skýrsla þeirrar stofnunar um Íslandsbanka var birt
  - Bankasýsla ríkisins afhenti einnig Ríkisendurskoðun í október ítarlega greiningu á fyrrnefndri skýrslu og samanburð á sölunni á hlutum í Lloyds og Íslandsbanka
- Í júní 2018, þegar hlutir í Lloyds voru að fullu komnir úr eigu breska ríkisins, birti NAO svo skýrslu sölu með heildstæðri umfjöllun um sölu breska ríkisins á hlutum í bankanum (*“The return of Lloyds Banking Group to private ownership”*)
  - Bankasýsla ríkisins hefur marg oft getið þess að stofnunin telji rétt að líta á sölumeðferð á eignarhlutum í Íslandsbanka sem eitt heildstætt ferli og því talað fyrir mikilvægi þess að svipuð skýrsla yrði birt að lokinni sölu á öllum hlut ríkisins í bankanum
  - Ráðherra virðist taka undir þessi sjónarmið eins og fram kemur í greinargerð hans frá 10. febrúar sl.

# Afmörkun skýrslu National Audit Office



# Afmörkun skýrslu

## National Audit Office (frh.)

- NAO setti fram skýr markmið með úttektinni, þ.e. hvort að skattgreiðendur hefðu notið ábata af henni
- NAO ályktaði að svo væri á grundvelli þriggja vel ígrundaðra rannsóknarspurninga, þ.e.
  - Var mest viðeigandi söluaðferð valin?
  - Var tímasetning og umgjörð sölunnar salan rétt?
  - Var verðið sanngjarnt?
- Til samanburðar virðist Ríkisendurskoðandi viljandi skauta fram hjá þeim rannsóknarspurningum sem NAO þótti mestu máli skipta við úttekt á sölunni á hlutum í Lloyds með tilboðsfyrirkomulagi. Þannig segir á bls. 3 í skýrslu Ríkisendurskoðunar
  - “Ríkisendurskoðun tekur ekki afstöðu til þess hvort réttmætt hafi verið að selja hluti ríkisins í bankanum á umræddum tímapunkti”
  - “Þá er ekki tekin afstaða til þess hvort rétt hafi verið að notast við aðrar söluaðferðir en tilboðsfyrirkomulag”
- Ríkisendurskoðun og NAO eru bæði meðlimir í evrópska svæðasambandi Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI), þ.e. European Organisation of Supreme Audit Institutions (EUROSAI)
  - Enga vísbendinu er að finna í skýrslunni að Ríkisendurskoðun hafi nálgast NAO með það að markmiði að nýta þekkingu og reynslu þeirrar stofnunar
  - Engar upplýsingar er heldur að finna í skýrslunni að Ríkisendurskoðun hefði stuðst við alþjóðlega staðla, sem eru þó fyrirbyggjandi hjá INTOSAI
- Þá vekur athygli að Ríkisendurskoðun sneiðir algjörlega fram hjá því í skýrslu sinni að fjalla um söluna í tengslum við markmið fjárlaga um að afla 75 ma.kr. fyrir ríkissjóð með sölu á árinu, þrátt fyrir að “[með] [lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun “[sé] embættinu falið að hafa eftirlit með fjárhagslegum hagsmunum ríkisins í umboði Alþingis”, eins og fram kemur á bls. 3 í skýrslunni